



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Eystri Kross á Akranesi



Bjarni F. Einarsson
2024

Forsíðumyndin sýnir mannvistarlag um 0,5 m undir sverðinum á Súðaklökk, píflur við lagið (Horft mót N. Ljósm. BFE 2024).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Fastefli
Ágúst 2024

Inngangur

Að beiðni Fasteflis kannaði Fornleifafræðistofan hugsanlegar fornleifar á deiliskipulagsreit í landi Eystri Kross í Hvalfjarðarsveit sunnan við Akranes þar sem fyrirhugað er að reisa íbúðarbyggð. Deiliskipulagssvæðið er sýnt á mynd 1.


Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem eldri skráningarskýrslur og örnefnaskrá.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram í tveimur áföngum, fyrst þann 11. apríl síðastliðinn og svo aftur þann 9. ágúst síðastliðinn. Veður var gott í bæði skiptin á meðan á vettvangsvinnu stóð. Allar fornleifar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki. Byrjað var á næsta lausa númeri Fornleifafræðistofunnar í sveitarfélaginu.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar með staðsetningu fornleifa (mynd 1).

Áður hafa tvær fornleifaskráningar verið gerðar á svæðinu (Adolf Friðriksson 2002 og 2004). Engar nýjar fornleifar komu í ljós við vettvangskonununa nú og einar áður skráðar fornleifar fundust ekki á vettvangi en það var meintur garður sem lá frá bæjarhól Eystri Kross niður í átt að sjónum og höfðu númerið BO-053:014 (Adolf Friðriksson 2004:10). Þar er nú girðing eins og þegar hinn meinti garður var skráður 2004. Líklega er þetta púkk undir girðinguna.

Fulltrúi verkkaupa var Óli Valur Steindórsson hjá Fastefli.



Mynd 1. Hið kannaða svæði (svört brotin lína) með staðsetningu fornleifa/minja.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr.). Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni rannsóknarsvæðisins. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugil	Friðlýst?	Mótv.
1	Rúst (bæjarstæði?)	1	Skipulag	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (8)	Talsvert (8)	Nei	Rannsókn
2	Bæjarhöll, tvær rústir og garður	4	Skipulag	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Nei	Rannsókn
3	Vör	1	Skipulag	Lítil	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar
4	Rúst (eyðibýli?)	1	Skipulag	Lítil	Lélegt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Nei	Rannsókn
Samtals:		7				Meðaltal:	5,71	5,71		

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar/minja á hinu fyrirhugaða framkvæmdasvæði. Hér er lagt mat á hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem kunna að fylgja í kjölfarið á deiliskipulaginu. Um viðvarandi hættu á minjunum óviðkomandi hinum fyrirhuguðu framkvæmdium sjá fornleifaskrá.

Samtals voru sjö fornleifar undir fjórum númerum skráðar í tengslum við vettvangskonunnina. Allar hafa áður verið skráðar.

Allar fornleifarnar eru taldar í einhverri hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda og þá er ekki tekið tillit til þess að skipulagið sé aðlagð að fornleifunum.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisaðgerða. Slíkar aðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir/skipulag sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og t. d. gördum er gjarnan þversnið í þá. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands ef ekki er hægt að komast hjá raski og stofnunin ákveður rannsóknaumfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Niðurstaða

Sjö fornleifar fundust á deiliskipulagsreitnum. Þrennar fornleifar eru með hátt minja- og varðveislugildi (eyðibýlin). Þá er gengið út frá því að undir fjárhúsunum nr. 1 séu leifar eyðibýlisins Belgsstaðir og að rústin á Súðaklökkpinni séu leifar af Krossháleigu. Um 0,5 m undir grassverðinum á Súðaklökkpinni sást í mannvistarlag sem í voru viðarkol, brennd bein og aska. Lagið var um 0,1 m á þykkt. Neðan við rofabarðið var víða að sjá grjót sem gæti hafa verið úr veggjum. Þessar minjar munu hverfa innan fárra ára verði ekkert að gert.

Tvennar fornleifar eru með talsvert minja- og varðveislugildi (rústirnar tvær á bæjarhól Kross) og einar eru með lítið minja- og varðveislugildi (vörin). Einstakar rústir á bæjarstæði geta haft mis hátt minja- og varðveislugildi, þó staðurinn í heild sinni hafi hátt gildi.

Allar eru taldar í einhverri hættu vegna skipulagsins og verði ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf hugsanlega mótvægisaðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu sýnilegum mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

- Adolf Friðriksson. *Fornleifar í Innri-Akraneshreppi*. Fornleifastfonun Íslands. Reykjavík 2002.
- Adolf Friðriksson. *Fornleifar í landi Kross og Fögrubrekku í Innri-Akraneshreppi*. Deiliskráning. Fornleifastfonun Íslands. Reykjavík 2004.
- Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. Fjórða bindi. Kaupmannahöfn 1925 og 1927.
- Lög um menningarminjar*. Nr. 80 29. júní 2012.
- minjastofnun.is Minjavefsjá.
- Sýslu- og sóknarlýsingar*. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir sáu um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík 2005.
- Túnakort*. Kross. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
- Örnefnaskrá*. Kross. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Fylgirit:

Fornleifaskrá: Innri Akraneshreppur Nr. 1:1–4:1.

Bls. 7

Auðkenni

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Minjaheild	Auðkenni
Borgarfjarðarsýsla	Innri Akraneshreppur	Hvalfjarðarsveit		1
Jörð, núverandi	Jörð 1847	verkefnanúmer	minj id	Sérheiti
Kross				Belgsstaðir
				Undirnr.
				1

Skrásetjari	Heimsótt.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	11.4.2024	A 353060,6. N 426438,2	Isn 93		

Tegund	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Rúst	Fjárhús	Akra 24	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Landeyðing	Lítill	Sæmilegt	1550-1900
Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
	Skipulag	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveishugildi	Einkunn 2
Talsvert	8	Talsvert	8
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Í Kross túni.

Heimildir og munnmæli

Adolf Friðriksson. *Fornleifar í Innri-Akraneshreppi*.
Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2002.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. Fjórða bindi.
Kaupmannahöfn 1925 og 1927.
Örnefnaskrá. Kross. Ari Gíslason skráði. Stofnun
Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Rúst (fjárhús).

12 x 18 m stórt. Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 2,5 m breiðir og 0,2 - 0,8 m háir.
Tvö hólfr eru á rústinni og það vestara er sjálft fjárhúsið með garði úr steypu eftir því endilöngu og vestast með fjárbaði. Dyr hafa snúið mót norðvestri og þar hefur verið timburþil.
Austurhólfíð hefur verið hlaða og á milli hefur verið op yfir þar sem garðurinn endar við hlöðuna.
Dyr eru á hlöðunni mót norðvestri.
Viða sést í grjót.
Í örnefnaskrá segir að fjárhúsið hafi verið reist ofan á Belgsstöðum og minjar þeirra eru líklega býsna heilar undir.

Rústin var áður skráð 2002 undir númerinu BO-055.
(Adolf Friðriksson 2002:53-54).

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er bærinn kallaður Belstader, öðru nafni Vigg Belstader og byggðist þá fyrir um 40 árum (1669).
(Jarðabók 1925-1927:81).

Hugsanlega leynast leifar Belgsstaða undir og í kring um fjárhúsið þó þar hafi verið sléttað.

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Auðkenni

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Minjaheild	Auðkenni
Borgarfjarðarsýsla	Innri Akraneshreppur	Hvalfjarðarsveit		2
Jörð, núverandi	Jörð 1847	verkefnanúmer	minj id	Sérheiti
Kross				Kross (Eystri-Kross)
				Undirnr.
				1-4

Skrásetjari	Heimsótt.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	11.4.2024	A 352932,1 N 426410,3	Isn 93		

Tegund	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Bæjarhóll, rúst og garður		Akra 24	2
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Landeyðing	Lítill	Sæmilegt	1550-1900
Í eyði	1963	Tímab. hættumat	Tímab. hættu
		Skipulag	Mikil
Á kort?			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Talsvert	8	Talsvert	8
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Á hól við túnjaðar.

Heimildir og munnmæli

Adolf Friðriksson. *Fornleifar í Innri-Akraneshreppi*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2002. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. Fjórða bindi. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. Sýslu- og sóknarlýsingar. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir sáu um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík 2005. Örnefnaskrá. Kross. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Bæjarhóll, rúst og garður.

1) Bæjarhóll

Á um 50 x 70 m stóru svæði. Þarna hefur verið sléttað og sjást engin ummerki um rústir á há hólum. Þar liggur göngustígur yfir og girðing. Austan við girðinguna má sjá rústabrot á stangli og þær minjar sem taldar eru upp hér að neðan hafa tilheyrt bæjarstæðinu.

2) Rúst.

6 x 9 m stór. Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir. Dyr snúa mót SV.

Við vesturhlutann er rof og í því má sjá brennd og óbrennd bein.

GPS mælt í miðju rústarinnar.

Áfast NA horninu er garður:

3) Garður.

Úr grjóti (og torfi?). Liggur hann fyrst í framhaldi af noðurgafli rústarinnar í um 5 m, en beygir svo til norðausturs í um 30 m. Þá beygir hann aftur upp hólinn í um 5 m.

Garðurinn er 1 - 1,5 m breiður og 0,1 - 0,4 m hár. Lengsti hluti hans er við brekkurótina og gæti hóljaðarinn verið stunginn þar.

4) Rúst.

6 x 6 m stór. Veggir úr grjóti og torfi. Breidd þeirra er ógreinileg enda gætu veggirnir hafa hrúnið ofan í holuna. Rústin hefur verið grafin niður í hólinn.

Viða má sjá grjót í holunni og á rústarbarminum.

Dyr hafa hugsanlega snúið mót norðri.

Út úr rústinni við V hornið er garðstubbur sem liggur í átt malarstíg. Hann gæti hafa náð yfir stíginn og tengst hibýlum Kross-bæjarins sem eru bæði austan og vestan við stíginn og hugsanlega eru þessi rúst hluti af bæjarstæðinu (fornleifar nr. 3).

Kross var stólpajörð metin á 40 hundruð með hjáleigum árið 1706 (Jarðabók 1925-1927: 79). Sama mat var árið 1839 (Sýslu- og sóknarlýsingar 2005:209).

Rústin var áður skráðar 2002 undir númerinu BO-053:001-005. (Adolf Friðriksson 2002:51-52).

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Minjaheild	Auðkenni
Borgarfjarðarsýsla	Innri Akraneshreppur	Hvalfjarðarsveit		3
Jörð, núverandi	Jörð 1847	verkefnanúmer	minj id	Sérheiti
Kross				Krossvör
				Undirnr.
				1

Skrásetjari	Heimsótt.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	9.8.2024	A 352831,9 N 426375,2	Isn 93		

Tegund	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Vör		Akra 24	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Landeyðing	Talsverð	Ágætt	1550-1900
Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hættu	Á kort?
	Skipulag	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Lítið	4	Lítið	4
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Í fjöru bent neða við Eystri Kross.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Kross. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn. Adolf Friðriksson. *Fornleifar í Innri-Akraneshreppi*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2002.

Lýsing

Vör

Í örnefnalýsingu segir; „*Milli Tapa og Súðaklappar er farið, þegar lent er í Krossvör.*“ Þarna má sjá ummerki um að grjót hafi verið hreinsað á tveimur stöðum svo hægt væri að draga bátana alla leið upp á land beint neðan við bæinn (Eystri Kross).

Vörin var áður skráð undir númerinu BO-053:008. (Adolf Friðriksson 2002:52).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Auðkenni

Sýsla

Sveitarfélag

Núv. sveitarfél.

Minjaheild

4

Borgarfjarðarsýsla

Innri Akraneshreppur

Hvalfjarðarsveit

Jörð, núverandi

Jörð 1847

verkefnanúmer

minj id

Sérheiti

Undirnr.

Kross

Krosshjáleiga?

1

Skrásetjari

Heimsótt.

GPS Staðsetning

Viðmiðun

M.y.s. Skekkja

Bjarni F. Einarsson

9.8.2024

A 352842,3 N 426313,8

Isn 93

Tegund

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Fjöldi

Rúst

Kotbýli

Akra 24

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Mikil

Lélegt

1550-1900

Skipulag

Lítill

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

8

Talsvert

8

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Heimildir og munnmæli

Á grasi gróni klöpp, Súðaklöpp, við sjóinn suður af Krossvör.

Örnefnaskrá. Kross. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Rúst.

Í örnefnalýsingu segir: „Framan við túnið á Krossi heitir Súðaklöpp. Þar er sagt að hafi verið bær, en fluttur undan sjógangi og landbroti.“

Yst á klöppinni undir grastorfu eru rústabrot á um 8 x 8 m stóru svæði. Ekki er hægt að greina einstök rými með góðu, en þó mótar þarna fyrir veggjabrotum.

Hugsanlega eru þetta leyfar af Krosshjáleigu sem lagðist af um og eftir 1670 (Örnefnaskrá).

Við vettvangsskoðun sást mannvistarlag í rofa-barðinu sjávarmegin við rústabrotin. Þar sáust viðarkol, brennd bein og aska.

Þessar minjar eru í mikilli hættu vegna sjávarrofs.

Minjarnar voru áður skráðar undir númerinu BO-053:007. (Adolf Friðriksson 2002:52).

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6